



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 30. mars, 2012

Ákvörðun nr. 6/2012

Samruni ALMC, VK1 og rekstrarhluta VK 220

I.

Málavextir og málsmeðferð

Mál þetta varðar yfirtöku móðurfélags Straums fjárfestingabanka hf. á starfsemi sem áður var rekin undir Vörukaupum ehf. Með bréfi dags. 2. febrúar 2012 tilkynnti ALMC hf. (hér eftir ALMC) um yfirtöku á rekstrarhluta VK 220 ehf. (hér eftir VK 220) í gegnum dótturfélag sitt SCM ehf. (hér eftir SCM) í gegnum dótturfélag þess VK1 ehf. (hér eftir VK1). Samrunatilkynningin var útbúin í samræmi við ákvæði 6. og 7. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu samruna og viðauka við þær. Fullnægðil tilkynningin skilyrðum samkeppnislaga og reglna nr. 684/2008 um tilkynningu samruna, en félögum sem ekki starfa á sömu mörkuðum er heimilt að skila styttri tilkynningu skv. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga.

II.

Niðurstaða

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki nái yfirráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa eignir þess í heild eða að hluta, sbr. c-liður 1. mgr. 17. gr. Getur samruni falist í því að fyrirtæki taki yfir hvers kyns eignir annars fyrirtækis.¹

Samruni þessi varðar yfirtöku ALMC á rekstrarhluta VK 220 í gegnum dótturfélag sitt SCM í gegnum dótturfélag þess VK1. ALMC bar áður heitið Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki og fór félagið í greiðslustöðvun í mars 2009. Á

¹ Sjá t.d. leiðbeiningarreglur framkvæmdastjórnar EB frá 10. júlí 2007 um m.a. skilgreiningu á hugtakinu samruni (COMMISSION CONSOLIDATED JURISDICTIONAL NOTICE under Council Regulation (EC) No 139/2004 on the control of concentrations between undertakings): "...the object of control can be one or more, or also parts of, undertakings which constitute legal entities, or the assets of such entities, or only some of these assets. The acquisition of control over assets can only be considered a concentration if those assets constitute the whole or a part of an undertaking, i.e. a business with a market presence, to which a market turnover can be clearly attributed. The transfer of the client base of a business can fulfil these criteria if this is sufficient to transfer a business with a market turnover. A transaction confined to intangible assets such as brands, patents or copyrights may also be considered to be a concentration if those assets constitute a business with a market turnover..."



greiðslustöðvunartímabilinu sem varði fram í ágúst 2010 hætti félagið fjárfestingabankastarfsemi sinni. Í dag er félagið eignarhaldsfélag með stærstan hluta í Danmörku og á Englandi. Þar á meðal á félagið fjárfestingarbankann Straum hf. Straumur starfar á markaði fyrir fjárfestingabankaþjónustu og á markaði fyrir verðbréfavíðskipti og aðra þjónustu á fjármálamörkuðum ásamt þremur stórum bönkum. Fyrirtækið SCM er einkahlutafélag, dótturfélag ALMC, sem stofnað var árið 2008 til að halda utan um tiltekna eignir ALMC. Fyrirtækið VK1 er einnig einkahlutafélag, dótturfélag SCM, sem stofnað var á þessu ári til að kaupa rekstrartengdar eignir VK 220. Fyrirtækið VK 220 (áður Vörukaup) var stofnað árið 1973 og stundar rekstur á sviði kælivara og iðnaðarlagna. Félagið starfrækir heildsölu í kæliiðnaðinum og hefur til sölu aukahluti í kælikerfi. Einnig selur fyrirtækið kæla, frysta, afgreiðsluborð, verslunarinnréttingar, hitaborð, kjöt- og fiskiborð o.fl. VK 220 starfar á tveimur mörkuðum, þ.e. markaði fyrir kælivörur og varahluti og markaði fyrir iðnlagnir.

Í 17. gr. c samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti, geti stofnunin ógilt samrunann eða sett honum skilyrði.

Það er mat Samkeppniseftirlitsins að samruni þessa máls raski ekki samkeppni skv. þeim viðmiðum sem felast í 17. gr. c samkeppnislaga. Við rannsókn málsins var m.a. horft til þess að markaðshlutdeild Straums á fjármálamarkaði er óveruleg og eru mjög sterkir aðilar, þ.e. Arion banki, Íslandsbanki og Landsbankinn, á þeim mörkuðum sem Straumur starfar á nú þegar. Þá var einnig horft til þess að ALMC á engin fyrirtæki sem starfa á sama markaði og Vörukaup starfar á.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til þess að aðhafast frekar í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson